

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Tilgangur og markmið

Stefnunni er ætlað að samþætta markmið fjárfestingarstefnu ([ST-Fjárfestingarstefna og reglur um eignastýringu](#)) og stefnu félagsins um sjálfbærni og samfélagsábyrgð ([ST-Sjálfbærni og samfélagsábyrgð](#)) þar sem leitast er við að draga úr áhættu, skila viðunandi arðsemi á fjárfestingum félagsins til lengri tíma litið og á sama tíma að auka velferð samfélagsins í heild sinni. Reglurnar taka til félagsins sjálfs, stjórnar og einstakra nefnda eða þeirra starfsmanna sem falið er að hafa áhrif á, meðhöndla og greina fjárfestingar og fjárfestingasafn félagsins.

Framkvæmd stefnunnar

Við fjárfestingaákvæðanir skal taka tillit til áhættuþátta sem fylgja fjárfestingunni. Með stefnu um ábyrgar fjárfestingar er áhersla lögð á að tekið sé mið af umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) við fjárfestingarákvæðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Lögð er rík áhersla á að félög, útgefendur og sjóðir sem Sjóvá fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra.

Upplýsingagjöf til stjórnar

Eignastýring skal mánaðarlega taka saman yfirlit yfir samsetningu og ávöxtun eignasafnsins í samræmi við ST-Fjárfestingarstefna og reglur um eignastýringu. Forstöðumaður eignastýringar ber ábyrgð á að yfirlit sé útbúið.

Hlutverk fjárfestinganefndar

Fjárfestinganefnd skal samþykkja yfirlit eignasafnsins með tilliti til UFS þátta áður en það er lagt til stjórnar. Einnig skal fjárfestinganefnd ræða marktæk atvik, fréttir, þróun og fleira tengt UFS þáttum sem kunnu að koma upp í tengslum við fjárfestingar félagsins og eftir tilvikum senda minnisblað til stjórnar.

Útilokun

Sjóvá mun að jafnaði ekki útiloka fjárfestingarkosti á grundvelli UFS þátta. Það kann þó að vera gert ef félög gerast brotleg gegn refsilögum og/eða stunda slæma viðskiptahætti. Ef Sjóvá hefur fjárfest í félagi sem hefur orðið uppvíst að slíku og ef samskipti við félagið hafa ekki skilað viðunandi árangri og úrbótum mun Sjóvá leitast til við að selja sína stöðu í félaginu.

Gildistaka

Stefna þessi um ábyrgar fjárfestingar var samþykkt af stjórn Sjóva-Almennra trygginga hf. þann 19. janúar 2023.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður fjárfestinga - Rafræn útgáfa skjalsins er sú sem er í gildi á hverjum tíma. Í gildi frá: 19.01.2023